



Erindisbréf stýrihóps Barnvæns sveitarfélags

Í kjölfar þess að Alþingi lögfesti Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna í febrúar 2013 hafa skapast umræður um hlutverk og ábyrgð íslenskra sveitarfélaga við innleiðingu sáttmálans. Þótt aðildarríki sáttmálans beri höfuðábyrgð á að uppfylla skuldbindingar er stærstur hluti þeirra verkefna sem hafa beina tengingu við daglegt líf barna hjá sveitarfélögunum. Barnvæn sveitarfélög er verkefni sem styður sveitarfélög við að innleiða sáttmálann. Verkefnið er byggt á alþjóðlegri fyrirmynd, *Child Friendly Cities Initiative*, sem UNICEF hefur unnið að frá árinu 1996 og hefur verið innleitt í þúsundum sveitarfélaga um allan heim. Íslensk útgáfa verkefnisins er þróuð í samstarfi við umboðsmann barna.

Bæjarráð Akureyrarbæjar samþykkti á fundi sínum þann 25. febrúar 2016 tilboð frá UNICEF á Íslandi um að verða tilraunarsveitarfélag við innleiðingu Barnasáttmála samkvæmt hugmyndafræði um barnvæn sveitarfélög. Akureyrarbær fékk fyrst sveitarfélaga á Íslandi viðurkenningu frá UNICEF árið 2020. Viðurkenningin gildir í þrjú ár í senn og stefnir bærinn að endur viðurkenningu 2023. Fræðslu- og lýðheilsuráð hefur umsjón með verkefninu fyrir hönd Akureyrarbæjar.

Við innleiðingu verkefnisins var stofnaður stýrihópur í samvinnu við verkefnisstjóra verkefnisins. Verkefnisstjórinn heldur utan um starf stýrihópsins en er einnig hluti af honum. Hópurinn samanstendur af fulltrúum meirihluta og minnihluta, fulltrúum allra sviða sveitarfélagsins og að minnsta kosti fjórum fulltrúum úr ungmennaráði. Einnig er ákjósanlegt að í stýrihópi séu fulltrúar frá flestum stofnunum sveitarfélagsins sem og fulltrúi frá íbúa- eða foreldrasamtökum.

Hlutverk stýrihóps er að:

- samræma og stýra innleiðingu Barnasáttmálans innan sveitarfélagsins
- hafa yfirumsjón með stöðumati á réttindum og velferð barna innan sveitarfélagsins og stýra samráðsvettvangi með börnum og ungmennum innan þess
- meta þörf fyrir fræðslu um verkefnið og réttindi barna innan sveitarfélagsins
- gera aðgerðaráætlun sem byggir á stöðumatinu
- fylgja eftir framkvæmd aðgerðaáætlunar
- miðla upplýsingum um verkefnið og kynna aðgerðaáætlun á barnvænan hátt
- hafa samskipti við UNICEF og mennta- og barnamálaráðuneytið, ásamt skýrslugjöf

Formlega skipaður stýrihópur hefur ekki verið starfandi um nokkurt skeið en gríðarlega mikilvægt er fyrir framgang verkefnisins að endurvekja stýrihópinn.

Stýrihópsfulltrúar

- 1 fulltrúa frá meirihluta bæjarstjórnar
- 1 fulltrúa frá minnihluta bæjarstjórnar
- 1 frá fræðslu- og lýðheilsusviði
- 1 frá velferðarsviði
- 1 frá umhverfis- og mannvirkjasviði
- 1 frá þjónustu- og skipulagssviði
- 1 frá mannauðssviði
- 4 fulltrúum ungmennaráðs
- *(hugsanlega fulltrúar frá stofnunum eða samtökum í sveitarfélaginu)*

Alls 11 aðilar.

Ferli



Leiðarljós

Mikilvægt er að stýrihópurinn hafi gott samráð við börn og ungmenni, starfsfólk bæjarins og pólitíska fulltrúa eftir því sem verkefnið krefjast. Hópurinn skal nálgast verkefni sín frá sem flestum sjónarhornum með hagsmuni heildarinnar að leiðarljósi. Hópurinn skal gæta jafnræðis í vinnu sinni og tillögugerð.

Tímarammi

- Formlegt starf stýrihópsins hefst í desember 2022.
- Stýrihópurinn skal setja sér vinnuáætlun.
- Skýrsla um framkvæmd tilraunaverkefnisins skal tilbúin í árslok 2023.
- Nánari tímarammi er í handbók um innleiðingu.